



Reykjanesbraut (41), undirgöng við Hvaleyrarholt. Nú er unnið að undirbúningi verksins en mikið er um ýmskonar lagnir á þessu svæði og það þarf að koma þeim öllum fyrir. Byrjað er að aka út efni í framhjálaup sem verður norðanmegin við Reykjanesbrautina.

Rannsóknarverkefni Vegagerðarinnar Samanburður á dýralífi í Fjarðarhornsa og Skálmardalsá fyrir og eftir efnistöku

Skýrsla apríl 2012, útdráttur, sjá í heild: www.vegagerdin.is
undir „Upplýsingar og útgáfa - Rannsóknarskýrslur“
Höfundar: Þorleifur Eiríksson, Cristian Gallo, Danny O'Farrell og Böðvar Þórisson, Náttúrustofa Vestfjarða

Útdráttur

Athuganir voru gerðar á Fjarðarhornsa og Skálmardalsá haustið 2000 vegna fyrirhugaðra efnistöku. Athugunin var liður í mati á umhverfisáhrifum vegna vegagerðar um þetta svæði. Sjö til átta árum eftir að efnistöku lauk var farið í sýnatökur (haust 2011) á sömu stöðvum til að kanna hvort áhrifa gæti á dýralíf í þessum ám vegna efnistöku.

Rannsóknarsvæðið er í Kollafirði og Skálmarfirði í Austur-Barðastrandarsýslu. Fjarðarhornsa rennur til sjávar í Kollafirði og Skálmardalsá í Skálmarfirði. Þetta eru dragár og renna þær á blágrýtisgrunni.

Lýsing á verkefni

Í tengslum við mat á umhverfisáhrifum vegna vegagerðar voru gerðar athuganir á Fjarðarhornsa og Skálmardalsá haustið 2000 vegna fyrirhugaðrar efnistöku. Haustið 2011 voru aftur tekin sýni á sömu stöðvum til að kanna hvort áhrifa gætti á dýralíf vegna efnistöku. Niðurstöður rannsóknarinnar eru að þær litlu breytingar sem orðið hafa er ekki hægt að rekja til efnistöku, a.m.k. þegar 7-8 ár eru liðin frá henni. Það er hins vegar ekki hægt að útiloka að einhver tímabundin áhrif hafi komið fram.

Farið var 19. september 2011 í sýnatöku. Athugininni má skipta í tvennt, annars vegar könnun á seiðabúskap og hins vegar athugun á samsetningu og þéttleika smádýralífs. Teknar voru tvær stöðvar í Fjarðarhornsa og fjórar í Skálmardalsá.

Leiðni var 48-51 $\mu\text{s}/\text{cm}$ í Fjarðarhornsa en 43 $\mu\text{s}/\text{cm}$ í Skálmardalsá. Hitinn var um 9°C í Fjarðarhornsa en 7,6 til 9,8 í Skálmardalsá, hæstur neðst í ánni. Hlutfall botngerðar ▶

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 12. tbl. 21. árg. nr. 609 10. júní 2013

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbóðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbóð eru kynnt, útbóðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafolk. Áskrift er endurgjaldslaus.


- er svipað á öllum stöðvum en mól og smágrýti (2-20 cm) eru á bilinu 60-80% af allri botngerðinni.

Rykmý var fjömenasti hópurinn á öllum stöðvum og var meðal þéttleikinn frá 8.000- 16.000 einstaklinga á m². Minni þéttleiki var af smádyrum á öllum stöðvum í Skálmardalsá en meiri í Fjarðarhornsa haustið 2011 en í fyrri rannsókn. Munurinn er lítill og getur stafað af stofnsveiflum á milli ára. Þéttleikinn er þó það sem vænta má í dragám á blágrýtisberggrunni.

Þéttleiki bleikjuseiða hafði minnkað á milli rannsókna á öllum stöðvum nema tveimur neðstu stöðvunum í Skálmardalsá. Þéttleikinn þar var samt einnig lítill. Bleikjuveiði hefur almennt minnkað á landinu frá árinu 2001 fyrir utan í Veiðivötnum. Minna af bleikjuseiðum nú getur því verið annars eðlis en áhrifa vegna efnistöku í þessum ám. Laxaseiði fundust á öllum stöðvum nema einni í Skálmardalsá en hafði einungis fundist á einni stöð í Fjarðarhornsa árið 2000. Laxaseiði í Skálmardalsá eru líklega vegna áhrifa frá seiðasleppingum í Fjarðarhornsa en þær hafa verið stundaðar frá árinu 2000.

Flundra fannst nú í fyrsta skipti svo vitað sé í Skálmardalsá. Hún fannst fyrst á Vestfjörðum í Gufudalsá árið 2003 en hefur nú fundist víða á Vestfjörðum. Hún fannst ekki Fjarðarhornsa en líklega má finna hana við ósa árinna.

Niðurstöður rannsókna á þessum ám eru ekki þær sömu, en það er ekki hægt að rekja það til efnistöknar. Mikilvæg búsvæði ofar í þessum ám eru enn óskert en einnig virðast búsvæðin vera ágæt fyrir bleikjuseiði neðar í ánni þó þéttleikinn sé lítill á öllum stöðvum. ■



Sýnatökustöðvar í Skálmardalsá (Sk1-4) og Fjarðarhornsa (Fj1 og Fj2).



Fjarðarhornsa, stöð 1 (við bílinn). N65°38.807 - V22°32.903

Rannsóknarverkefni Vegagerðarinnar

Hörnun steypu

- Áhrif hita á steypuspennur

Skýrsla mars 2012, útdráttur, sjá í heild: www.vegagerdin.is undir „Upplýsingar og útgáfa - Rannsóknarskýrslur“ Höfundur: Gylfi Magnússon, VSO ráðgjöf

Á umliðnum árum hef ég hannað steipt mannvirki, bæði héraendis og erlendis meðan ég starfaði í Danmörku. Auk þess hef ég sinnt eftirliti með steypuframléiðslu, niðurlögn steypu og aðhlúun hennar við virkjunarframkvæmdir og brúarmannvirki. Í verklýsingum fyrirskrifa hönnuðir kröfur til steypugæða. Fyrir þýðingarmikil mannvirki t.d. Stórabeltisbrúna frá Sjalandi um Sprogø að Fjóni í Danmörku, sem byggð var á árunum 1988-1998, voru gerðar margvíslegar kröfur um forrannsóknir steypunnar. Í hefðbundnum mannvirkjum er oftast látið nægja að vísa til ákvæða steypustaðla um hönnun og framléiðslu steypu. Með árunum varð mér æ betur ljóst

Lýsing á verkefni

Reynsla skýrsluhöfundar er að steypuhiti, sem myndast við útvermið efnahvarf steypunnar, skiptir miklu máli fyrir endingu hennar. Sýndir eru útreikningar á spennum í harðnandi steypu til að kanna hvort hættu er á sprungumyndun og við hvernig aðstæður þær myndast. Reikningar eru gerðir fyrir mismunandi þversnið stöpla og brúardekkja. Meðal niðurstaðna reikninga er að þó hitamunur í þversniði sé alltaf lægri en 20°C, eins og algengt er að miða við, geta togspennur náð togstyrk steypunnar og sprungur myndast, í öllum tilvikum þegar þversniðsþykkt er meiri en 200 mm.

hvað steypuhitinn sem myndast við útvermið efnahvarf steypunnar skiptir miklu máli fyrir endingu hennar. Hann hefur í raun afgerandi áhrif á líftíma steypunnar.

Í verklýsingum er algengt að setja hitamyndun í ferskri steypu skorður. Í mörgum stöðlum er fyrirskrifað að max.

steypuhiti skuli ekki fara yfir 60-65°C. Stundum er hitamunur á steypu við yfirborð og í miðju þversniði einnig settar skorður. Algengt er að miða við að mismunur á hita í massamiðju og við mót fari ekki yfir 20°C, þ.e. $\Delta T_{\max} = 20^\circ\text{C}$. Það kom mér á óvart á sínum tíma hversu algengt er að steypuhiti nái ofangreindum mörkum. Í sumum tilfellum var steypuþversniðið ekki meira en 400 mm á þykkt. Til þess að halda steypuhita innan tilskilinna marka, verður á undirbúningsstigi framkvæmda að vera hægt að spá fyrir um hitamyndun í steypunni meðan á hörðun hennar stendur. Í dag er það gert með forritum sem byggja á varmafræðilegum eiginleikum ferskrar steypu. Daninn Per Freiesleben Hansen (P.F.H.) hefur lagt mikið af mörkum í þeim efnum og sama er að segja um frændur okkar Svía. Í fræðigreinum síðastliðins áratugs, er mikið vitnað til rannsókna P.F.H. [1], [8], [31] og þeirra líkinga sem hann lagði fram á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Jöfnur nógildandi Evrópustaðals [1] byggja m.a. á rannsóknarniðurstöðum P.F.H.

Í nógildandi steypustaðli, Eurocode 2 [1], eru líkingar sem lýsa því hvernig efniseiginleikar steypunnar breytast sem fall af tíma og hitastigi. Mér þótti því liggja beinast við að byggja niðurstöður útreikninga á efniseiginleikum steypu skv. Eurocode 2.

Til þess að reikna út hvernig hiti í steypuþversniði breytist sem fall af tíma, einangrunargildi móta, upphafshita steypu, lofthita, hvenær mót eru fjarlægð o.s.frv. þarf að leysa „partiel“ diffurjöfnur, sem þó eru tiltölulega einfaldar.

Öðru máli gengir um útreikninga á steypuspennum. Á fyrsta aldursskeiði steypunnar eru allir efniseiginleikar hennar

ólínuleg föll, sem breytast frá einum stað til annars, háð steypuhita og tíma.

Þannig er fjaðurstuðull steypunnar $E_{cm} = E_{cm}(x,y,z,T,t)$, þar sem x,y og z eru hnit viðkomandi punkts í steypumassanum, t er tíminn og T er hitastigið.

Sama á við um Poisson hlutfallið $\nu = \nu(x,y,z,T,t)$, hitaþanstuðullinn $\alpha = \alpha(x,y,z,T,t)$, skrið (creep) $\epsilon_{cc} = \epsilon_{cc}(x,y,z,T,t)$, rýrnun (shrinkage) $\epsilon_{cs} = \epsilon_{cs}(x,y,z,T,t)$, togstyrk steypunnar $f_{ctm} = f_{ctm}(x,y,z,T,t)$ og þrýstistyrk steypunnar $f_{cm} = f_{cm}(x,y,z,T,t)$. Útreikningar á spennuástandi steypunnar eru því mjög flóknir þar sem leysa þarf ólínulegar „partiel“ diffurjöfnur.

Ég ætla mér ekki að drekkja lesandanum í jöfnum og stærðfræðilegum útleiðslum og reyni því eins og kostur er að birta niðurstöður útreikninga í skýringarmyndum. Þó verður ekki hjá því komist að geta helstu líkinga sem stýra eiginleikum steypunnar til þess að varpa ljósi á styrkleikaþróun hennar og spennuástand meðan á hörðun stendur.

Til þess að meta hættu á sprungumyndun í ferskri steypu, verður að reikna út hvaða spennur eiga sér stað. Tilgangur með útreikningunum er því að meta hvað veldur sprungum í steypunni og hvort eða hvernig megi koma í veg fyrir þær.

Eins og áður segir, er algengt að steypuhita séu settar eftirfarandi skorður: Max. hiti skuli vera 60-65°C og hitamunur innan við 20°C. Markmiðið með þessum útreikningum er að skoða ágæti þessara markgilda hvað sprungumyndun í steypunni varðar.

Heilmikinn lærdóm má draga af niðurstöðum útreikninga sem vonandi nýtast Vegagerðinni til að meta nauðsynlegar aðgerðir við aðhlúun steypu.

Gylfi Magnússon ■



Brúarvinnuflotkur Huga Jóhannessonar að steypa brúardekk á Köldukvísl hjá Gljúfrasteini í Mosfellsdal árið 1974. Ljósmynd: Ímynd.

Niðurstöður útboða

Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur - Siglufjörður 2013-2016

12-037
Tilboð opnuð 4. júní 2013. Vetrarþjónusta í Skagafirði árin 2013 – 2016 á eftirtöldum leiðum:
Sauðárkróksbraut (75)
Sauðárkrókur – Siglufjarðarvegur 14 km
Siglufjarðarvegur (76)
Sauðárkróksbraut – Siglufjörður 80 km
Hólavegur (767)
Siglufjarðarvegur – Hólastaður 11 km
Heildarlengd vegakafla er 105 km.
Helstu magnþölur á ári eru:
Meðalakstur vörubíla á snjómokstursleiðunum sl. 5 ár er 27.628 km.
Biðtími vélamanns, meðaltal sl. 5 ár er 25 tímar.
Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2016.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|-----|---|--------------|--------------|------------------|
| 4 | Bás ehf., Siglufirði | 23.872.380 | 132,0 | 8.833 |
| 3 | Messuholt ehf., Sauðárkróki | 20.155.300 | 111,5 | 5.116 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 18.083.000 | 100,0 | 3.044 |
| 2 | Vinnuvélar Símonar Skarphéðinssonar ehf., Sauðárkróki | 17.290.010 | 95,6 | 2.251 |
| 1 | Steypustöð Skagafjarðar ehf., Sauðárkróki | 15.039.120 | 83,2 | 0 |

Vetrarþjónusta í Húnavatnssýslum 2013-2016

12-033
Tilboð opnuð 4. júní 2013. Vetrarþjónusta í Húnavatnssýslum árin 2013 – 2016 á eftirtöldum leiðum:
Hringvegur (1)
Innstrandavegur (68)
– Efstabraut á Blönduósi 84 km
Hvammstangavegur (72)
Hringvegur – Veigastígur Hvammstanga 5 km
Reykjaskólavegur (7020)
Hringvegur – Reykjaskóli 1 km
Miðfjarðarvegur (704)
Hringvegur – Laugarbakkaskóli 2 km
Heildarlengd vegakafla er 92 km.
Helstu magnþölur á ári eru:
Meðalakstur vörubíla á snjómokstursleiðunum sl. 5 ár er 13.500 km.
Biðtími vélamanns, meðaltal sl. 5 ár er 20 tímar.
Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2016.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|-----|-----------------------------------|--------------|--------------|------------------|
| 2 | Eyjólfur Valur ehf., Hrutafirði | 10.665.000 | 101,6 | 170 |
| 1 | Guðmundur Vilhelmsson, Hammstanga | 10.495.400 | 100,0 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 10.495.000 | 100,0 | 0 |



Ingjaldssandsvegur (624), Vestfjarðavegur - Alviðra - sjá útboðsauglýsingu

Vetrarþjónusta, Eyjafjörður

að vestan 2013 - 2016 12-039
Tilboð opnuð 4. júní 2013. Vetrarþjónusta í Eyjafirði árin 2013 – 2016 á eftirtöldum leiðum:
Hringvegur (1)
Fremri-Kot Norðurárdal – Akureyri 61 km
Ólafsfjarðarvegur (82)
Hringvegur (1) – Ólafsfjörður 50 km
Svarfaðardalsvegur (805)
Ólafsfjarðarvegur – Tunguvegur 11 km
Tunguvegur (806)
Svarfaðardalsvegur – Skíðadalsvegur 1 km
Skíðadalsvegur (807)
Tunguvegur – Ólafsfjarðarvegur 10 km
Árskógssandsvegur (808)
Ólafsfjarðarvegur – Árskógsandur 2 km
Hauganesvegur (809)
Ólafsfjarðarvegur – Hauganes 2 km
Hjalteyrarvegur (811)
Ólafsfjarðarvegur – Hjalteyri 3 km
Heildarlengd vegakafla er 140 km.
Helstu magnþölur á ári eru:
Meðalakstur vörubíla á snjómokstursleiðunum sl. 5 ár er 81.989 km.
Biðtími vélamanns, meðaltal sl. 5 ár er 98 tímar.
Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2016.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|-----|----------------------------|--------------|--------------|------------------|
| 1 | Malbik K-M ehf., Akureyri | 65.389.333 | 121,6 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 53.783.000 | 100,0 | -11.606 |

Auglýsingar útboða

Ingjaldssandsvegur (624), Vestfjarðavegur - Alviðra

13-005
Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurlögn Ingjaldssandsvegur, milli Vestfjarðavegar og Alviðru í norðanverðum Dýrafirði í Ísafjarðarbæ. Um er að ræða 7,54 km vegkafla.

Helstu magnþölur eru:

| | |
|-----------------|-----------------------|
| Fylling | 6.600 m ³ |
| Skering | 9.900 m ³ |
| Neðra burðarlag | 1.200 m ³ |
| Efra burðarlag | 5.800 m ³ |
| Tvöföld klæðing | 33.000 m ² |

Útlögn neðra lags klæðingar skal lokið eigi síðar en 10. september 2013. Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 15. nóvember 2013.

Útboðsgögnin eru seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 10. júní 2013. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 25. júní 2013 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Niðurstöður útboða

Hróarstunguvegur (925), Hringvegur – Árbakki

13-026
Tilboð opnuð 4. júní 2013. Endurbygging Hróarstunguvegar frá Hringvegi að Árbakka, um 5,6 km.
Helstu magnþölur eru:

| | |
|-----------------|-----------------------|
| Fylling | 11.300 m ³ |
| Fláafleygar | 12.600 m ³ |
| Neðra burðarlag | 8.800 m ³ |
| Efra burðarlag | 5.400 m ³ |
| Tvöföld klæðing | 34.100 m ² |
| Frágangur fláa | 53.000 m ² |
| Ræsalögn | 90 m |

Verkinu skal að fullu lokið 15. október 2013.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|-----|----------------------------|--------------|--------------|------------------|
| 1 | Ylur ehf., Egilsstöðum | 87.731.052 | 112,2 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 78.211.000 | 100,0 | -9.520 |

Niðurstöður útboða

Vetrarþjónusta á Holtavörðuheidi

2013-2016 12-032

Tilboð opnuð 4. júní 2013. Vetrarþjónusta í Húnavatnssýslum árin 2013 – 2016 á eftirtöldum leiðum: Hringvegur(1)
 Norðurárdalsvegur(528) – Innstrandavegur 41 km
 Heildarlengd vegakafli er 41 km.
 Helstu magntölur á ári eru:
 Meðalakstur vörubíla á snjómokstursleiðunum sl. 5 ár er 24.960 km.
 Biðtími vélamanns, meðaltal sl. 5 ár er 50 tímar.
 Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2016.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|-----|---------------------------------|--------------|--------------|------------------|
| 3 | Borgarverk ehf., Borgarnesi | 23.013.000 | 137,0 | 4.947 |
| 2 | Eyjólfur Valur ehf., Hrutafirði | 19.718.720 | 117,4 | 1.653 |
| 1 | Jarðlist ehf., Reykjavík | 18.066.050 | 107,6 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 16.793.000 | 100,0 | -1.273 |

Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur - Blönduós - Sauðárkrókur

2013-2016 12-034

Tilboð opnuð 4. júní 2013. Vetrarþjónusta í Skagafirði árin 2013 – 2016 á eftirtöldum leiðum: Hringvegur (1)
 Blönduós – Fremri Kot Norðurárdal 83 km
 Sauðárkróksbraut (75)
 Hringvegur – Sauðárkrókur 24 km
 Skagastrandarvegur (74)
 Blönduós – Skagaströnd 21 km
 Þverárfjallsvegur (744)
 Skagastrandarvegur – Sauðárkróksbraut 40 km
 Skagafjarðarvegur (752)
 Hringvegur – Steinsstaðir 11 km
 Siglufjarðarvegur (76)
 Hringvegur - Sauðarkröksbraut 22 km
 Heildarlengd vegakafli er 201 km.
 Helstu magntölur á ári eru:
 Meðalakstur vörubíla á snjómokstursleiðunum sl. 5 ár er 50.264 km.
 Biðtími vélamanns, meðaltal sl. 5 ár er 50 tímar.
 Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2016.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|-----|---|--------------|--------------|------------------|
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 32.922.000 | 100,0 | 5.360 |
| 3 | Vinnuvélar Símonar Skarphéðinssonar ehf., Sauðárkróki | 32.720.660 | 99,4 | 5.159 |
| 2 | Steyrustöð Skagafjarðar ehf., Sauðárkróki | 27.576.960 | 83,8 | 15 |
| 1 | Messuholt ehf., Sauðárkróki | 27.561.960 | 83,7 | 0 |

Vetrarþjónusta, Eyjafjörður

að austan 2013 - 2016 12-038

Tilboð opnuð 4. júní 2013. Vetrarþjónusta í Eyjafirði árin 2013 – 2016 á eftirtöldum leiðum: Hringvegur (1)
 Akureyri – Svalbarðseyri 11 km
 Hringvegur (1)
 Svalbarðseyri – Kross 34 km
 Svalbarðseyrarvegur (830)
 Hringvegur – Svalbarðseyri 1 km
 Grenivíkurvegur (83)
 Hringvegur – Grenivík 21 km
 Illugastaðavegur (833)
 Hringvegur – Vaglaskógarvegur 5 km
 Flugvallavegur (820)
 Eyjafjarðarbraut vestri – Flugstöð 0,2 km
 Eyjafjarðarbraut vestri (821)
 Hringvegur – Miðbraut 11 km
 Kristnesvegur (822)
 Eyjafjarðarbraut vestri – Kristnes 1 km
 Miðbraut (823)
 Eyjafjarðarbraut vestri – Eyjafjarðarbraut eystri 1 km
 Eyjafjarðarbraut eystri (829)
 Hringvegur – Miðbraut 11 km
 Eyjafjarðarbraut vestri (821)
 Miðbraut – Eyjafjarðarbraut eystri 13 km
 Heildarlengd vegakafli er 110 km.
 Helstu magntölur á ári eru:
 Meðalakstur vörubíla á snjómokstursleiðunum sl. 5 ár er 52.703 km.
 Biðtími vélamanns, meðaltal sl. 5 ár er 229 tímar.
 Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2016.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|-----|--------------------------------|--------------|--------------|------------------|
| 2 | Árni Helgason ehf., Ólafsfirði | 49.379.200 | 139,5 | 1.283 |
| 1 | Isrefur ehf., Akureyri | 48.096.140 | 135,9 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 35.402.000 | 100,0 | -12.694 |

Skagavegur (745), Skagastrandarvegur – Harrastaðir

13-003
 Tilboð opnuð 4. júní 2013. Endurbýgging Skagavegar frá Skagastrandarvegi að Harrastöðum, um 3,68 km.
 Helstu magntölur eru:
 Fylling 3.700 m³
 Fláafleygar 4.100 m³
 Styrktarlag 3.300 m³
 Burðarlag 4.100 m³
 Klæðing 24.100 m²
 Ræsalögn 41 m
 Rásarbotn og fláar 37.400 m²
 Frágangur svæða við hlið vegar 3.800 m²
 Útlögn klæðingar skal að fullu lokið fyrir 1. september 2013 og verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. október 2013.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|-----|---|--------------|--------------|------------------|
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 47.288.000 | 100,0 | 2.464 |
| 1 | Skagfirskir verktakar ehf., Sauðárkróki | 44.824.500 | 94,8 | 0 |



Sami staður með 66 ára millibili, 1947 og 2013. Fyrstu tilraunir landsmanna til að leggja bundið slitlag tókust misvel. Hjá Vega-gerðinni eru til fjölmargar myndir sem voru teknar eftir seinna stríð af bundnu slitlagi í og við Reykjavík. Þessar myndir sýna sumar skemmtilegt sjónarhorn á borgina og nágrenni hennar þótt það hafi ekki verið endilega tilgangurinn með myndatökunni. Myndin hér að ofan sýnir gamla Hafnarfjarðarveginn þar sem hann liggur

í gegnum Gardahrepp og niður í Engidal. Nýja myndin er reyndar tekin af göngubrú sem nú liggur yfir veginn á þessum stað og sjónarhornið er talsvert gleiðara. Á gömlu myndinni má sjá hús í byggingu sem nú er númer 24 við Lynghóla í Gardabæ. Á nýju myndinni má sjá húsið með rauðu þaki. Annað kennileiti á báðum myndunum er fjallið Keilir í bakgrunni.



... og nú

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

| Fyrirhuguð útboð | Auglýst: dagur, mánuður, ár |
|--|--------------------------------|
| 13-052 Vetrarþjónusta á Héraði 2013-2016 | 2013 |
| 13-051 Vetrarþjónusta á Vopnafirði 2013-2016 | 2013 |
| 13-053 Vetrarþjónusta á Fjörðum 2013-2016 | 2013 |
| 13-054 Vetrarþjónusta á Hornafirði 2013-2016 | 2013 |
| 13-044 Vetrarþjónusta, Fróðarheiði-Breiðavík-Staðarsveit 2013-2016 | 2013 |
| 13-045 Vetrarþjónusta, Ólafsvík -Vatnaleið 2013-2016 | 2013 |
| 13-046 Vetrarþjónusta, Vatnaleið og Snæfellsnesvegur að Staðarstað og Narfeyri 2013-2016 | 2013 |
| 13-047 Vetrarþjónusta í Dalasýslu 2013-2016 | 2013 |
| 13-030 Sementsfestun og yfirlögn á Djúpvegi (61), 2013 | 2013 |
| 13-015 Efnisvinnsla á Norðursvæði | 2013 |
| 13-007 Svínadalsvegur (502), Leirársveitarvegur - Eyri | 2013 |
| 12-056 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur | 2013 |
| 13-006 Melasveitarvegur (505), Hringvegur - Bakki | 2013 |
| 12-052 Hringvegur (1) um Múlakvísl, varnargarðar | 2013 |

| Auglýst útboð | Auglýst: | Opnað: |
|---|----------|----------|
| 13-005 Ingjaldssandsvegur (624), Vestfjarðavegur - Alviðra | 10.06.13 | 25.06.13 |
| 13-040 Vetrarþjónusta, Húsavík - Kross-Einarsstaðir 2013-2016 | 03.06.13 | 19.06.13 |
| 13-041 Vetrarþjónusta, Einarsstaðir -Biskupsháls 2013-2016 | 03.06.13 | 19.06.13 |
| 13-042 Vetrarþjónusta, Lón-Raufarhöfn 2013-2016 | 03.06.13 | 19.06.13 |
| 13-043 Vetrarþjónusta, Raufarhafnarvegur - Bakkafjörður 2013-2016 | 03.06.13 | 19.06.13 |
| 13-048 Vetrarþjónusta, Bíldudalur - Brjánslækur 2013-2016 | 03.06.13 | 19.06.13 |
| 13-049 Vetrarþjónusta á Djúpvegi (61), Vestfjarðavegur í Reykhólasveit -Reykjanes 2013-2016 | 03.06.13 | 19.06.13 |
| 12-051 Hringvegur (1) um Hellisheiði | 27.05.13 | 25.06.13 |
| 12-050 Hringvegur (1) Hamragilsvegur - Litla kaffistofan, malbikun | 27.05.13 | 11.06.13 |
| 13-031 Múlagöng, endurbætur á rafkerfi 2013 - 2014 | 21.05.13 | 11.06.13 |

| Útboð á samningaborði | Auglýst: | Opnað: |
|--|----------|----------|
| 13-032 Vetrarþjónusta á Holtavörðuheidi 2013-2016 | 21.05.13 | 04.06.13 |
| 13-033 Vetrarþjónusta í Húnavatnssýslum 2013-2016 | 21.05.13 | 04.06.13 |
| 13-034 Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur -Blönduós-Sauðárkrókur 2013-2016 | 21.05.13 | 04.06.13 |
| 13-037 Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur -Siglufjörður 2013-2016 | 21.05.13 | 04.06.13 |
| 13-038 Vetrarþjónusta, Eyjafjörður að austan 2013-2016 | 21.05.13 | 04.06.13 |
| 13-039 Vetrarþjónusta, Eyjafjörður að vestan 2013-2016 | 21.05.13 | 04.06.13 |

| Útboð á samningaborði, framhald | Auglýst: | Opnað: |
|--|----------|----------|
| 13-026 Hróarstunguvegur (925), Hringvegur - Árbakki | 21.05.13 | 04.06.13 |
| 13-003 Skagavegur (745), Skagastrandarvegur - Harrastaðir | 21.05.13 | 04.06.13 |
| 13-021 Norðfjarðargöng, eftirlit | 15.04.13 | 04.06.13 |
| 13-014 Endurbætur á Hringvegi (1), Fornihvammur - Heiðarsporður | 13.05.13 | 28.05.13 |
| 13-023 Niðurrekstrarstaurar fyrir brú á Mjóafjörð | 13.05.13 | 28.05.13 |
| 13-002 Vatnsnesvegur (711), Hvammstangi - Ytri Kárastaðir | 13.05.13 | 28.05.13 |
| 12-053 Hringvegur (1) um Múlakvísl, brúargerð og vegagerð | 29.04.13 | 28.05.13 |
| 13-027 Festun og yfirlögn á Þverárfjallsvegi 2013 | 29.04.13 | 14.05.13 |
| 13-016 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2013, blettanir með klæðingu | 15.04.13 | 30.04.13 |
| 13-008 Yfirlagnir á Suðursvæði 2013, klæðing | 08.04.13 | 23.04.13 |
| 12-045 Norðfjarðargöng | 24.09.12 | 16.04.13 |
| 13-020 Norðfjarðarvegur (92), brú á Norðfjarðará | 25.03.13 | 16.04.13 |
| 13-011 Yfirlagnir á Austursvæði 2013, klæðing | 25.03.13 | 09.04.13 |
| 12-055 Fáskrúðsfjarðargöng endurbætur á rafkerfi 2013 | 17.12.12 | 22.01.13 |
| 12-031 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur | 07.08.12 | 18.09.12 |

| Samningum lokið | Opnað: | Samið: |
|--|----------|----------|
| 13-004 Staðarbraut (854), Aðaldalsvegur - Laxá Árne Helgason ehf., kt. 670990-1769 | 30.04.13 | 30.05.13 |

Niðurstöður útboða

| nr. | Bjóðandi | Hæfnis- mat | Tilboð (kr.) |
|--------|---|----------------|-----------------|
| 13-021 | GeoTek ehf. og Efla hf., Reykjavík | 94,5 | 499.955.000 |
| | Verkís hf. og VSÓ - Ráðgjöf ehf., Reykjavík | 75,0 | 488.914.000 |
| | Verkfæðistofan Hnit hf., Reykjavík | 80,5 | 431.308.315 |

Norðfjarðargöng, eftirlit 13-021
Tilboð opnuð 4. júní 2013. Eftirlit með gerð Norðfjarðarganga milli Eskifjarðar og Norðfjarðar. Jarðgöngin verða um 7,5 km löng í bergi og er breidd þeirra 8,0 m í veghæð. Heildarlengd vegskála er um 370 m. Verkið nær ennfremur til lagningar um 7,0 km af nýjum vegum. Eftirlitið nær einnig til fleiri útboða í verkinu svo sem til stýrikerfis, fjarskiptakerfis, hraðamyndavéla og byggingu brúa á Eskifjarðará, 38 m og Norðfjarðará, 44 m. Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnisvals og verðs og bar bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.